



Reykjavík, 8. janúar 2024

SFS23120096

Ráðhús Reykjavíkur

Borgarráð

Efni: Umsókn Félagsstofnunar stúdenta um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Sólgarðs og brottfall rekstrarleyfis Leikgarðs

Þann 20. desember 2023, barst umsókn frá Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249, vegna sjálfstætt starfandi leikskólanna Sólgarðs og Leikgarðs. Með beiðninni var óskað eftir að fjölga börnum í Sólgarði úr 51 upp í 115 reykvísk börn á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða vegna nýrrar viðbyggingar í Sólgarði. Óskað var eftir því að rekstrarleyfi leikskólans yrði breytt til samræmis við þetta. Jafnframt verði fellt niður rekstrarleyfi vegna Leikgarðs.

Vegna gagnaöflunar náðist ekki að leggja málið fyrir skóla- og frístundaráð til afgreiðslu. Með vísan til meðfylgjandi gagna er óskað eftir að málið verði afgreitt með eftirfarandi hætti:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2024 að rekstrarleyfi leikskólans Sólgarðs verði breytt með þeim hætti að að heimilt verði að vera með allt að 115 börn í leikskólanum í stað 60 á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Breytt rekstrarleyfi gildi frá 1. desember 2023 og frá þeim tíma falli úr gildi rekstrarleyfi, dags. 27. júlí 2011. Jafnframt falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans Leikgarðs, til samræmis við bréf Leikskólasviðs, dags. 19. maí 2010.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

- Minnisblað, dags. 8. janúar 2024
- Bréf Félagsstofnunar stúdenta, dags. 20. desember 2023
- Yfirlýsing foreldraráðs, dags. 21. desember 2023
- Rekstrarleyfi, dags. 27. júlí 2011
- Bréf Leikskólasviðs, dags. 19. maí 2010



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

- Reglur um rekstrarleyfi



Minnisblað

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs vegna umsóknar Félagsstofnunar stúdenta um breytt rekstrarleyfi vegna leikskólans Sólgarðs

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að rekstrarleyfi leikskólans Sólgarðs verði breytt með þeim hætti að að heimilt verði að vera með allt að 115 börn í leikskólanum í stað 60 á aldrinum 6/9 mánaða til 36 mánaða. Breytt rekstrarleyfi gildi frá 1. desember 2023 og frá þeim tíma falli úr gildi rekstrarleyfi, dags. 27. júlí 2011. Jafnframt falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans Leikgarðs sem nær til 63 barna.

Greinargerð:

Þann 20. desember 2023, barst umsókn frá Félagsstofnun stúdenta. kt. 540169 - 6249 vegna leikskólans Sólgarðs, um að fjölga börnum í leikskólanum úr 60 upp í 115 reykvísk börn á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða. Fram kom í umsókninni að um væri að ræða beiðni um breytingu á rekstrarleyfi leikskólans Sólgarðs og fjölgun nemenda sem greitt væri fyrir skv. þjónustusamningi.

Fram kom í umsókn að óskað væri eftir að fellt yrði úr gildi rekstrarleyfi og samningar um framlag vegna leikskólans Leikgarðs sem lagður hefur verið niður. Leikgarður var með rekstrarleyfi fyrir 63 börn. Verið er að taka í notkun viðbyggingu við leikskólann Sólgarð sem mun bæta við sig sambærilegum fjölda barna og voru með vistun í Leikgarði. Í nýrri viðbyggingu eru 4 deildir og þar er rými fyrir 64 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða. Í Sólgarði voru að hámarki 51 barn í vistun þó að rekstrarleyfið kvæði á um 60 börn. Þar af leiðandi verður nýtt rekstrarleyfi 115 börn. Meðfylgjandi umsókninni fylgdi teikning af húsnæðinu.

Í samtali skrifstofustjóra leikskólamála og leikskólastjóra Sólgarðs þann 21. desember 2023 kom fram að þegar væri búið að innrita börn í nýja álmu leikskólans, án þess að búið væri að gefa út breytt rekstrarleyfi leikskóla. Skóla- og frístundasviðs sendi bréf til leikskólastjóra í kjölfarið og gerði við það alvarlegar athugasemdir. Skorað var á leikskólastjóra að skila inn umbeðnum gögnum sem allra fyrst. Til þess að koma til móts við þennan barnahóp og þeirra fjölskyldur er óskað eftir því að nýtt rekstrarleyfi taki gildi frá 1. desember 2023.

Fulltrúar fagskrifstofu leikskólamála á skóla- og frístundasviði heimsóttu húsnæðið þann 4. janúar sl. Var eftirfarandi mat fulltrúanna:

Á leikskólanum eru sjö deildir og þarf af fjórar nýjar ásamt nýju eldhúsi og bættri starfsmannaaðstöðu. Óskað er eftir rekstrarleyfi fyrir 115 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða. Að

meðaltali eru 17 börn á sex deildum en aðeins 13 deild á yngstu deild. Miðað við þrjá fermetra í leikrými á barn rúmast 110 börn á deildum en auk þess eru 244 fermetrar í sameiginleg fjölnota rými og því er nægt pláss fyrir 115 börn í leikskólanum.

Breytingar á leikskólanum ásamt nýbyggingu eru vel heppnaðar, nægt pláss er fyrir börn og starfsfólk. Leikskólinn er hlýlegur og hentar vel fyrir yngstu börnin, yfirsýn góð og auðvelt er að nýta sameiginleg rými til að skipta í hópa og eins að sameinast í sal.

Umsögn foreldrafélags leikskólans Sólgarðs, dags. 21. desember. 2023, vegna framangreindrar breytingar, liggur fyrir. Í umsögninni kemur fram að ánægja sé með breytingarnar og að þær séu vel heppnaðar. Foreldrafélagið sé því ekki mótfallið þeim breytingum að heimilt verði að fjölga börnum í leikskólanum í 115, miðað við rekstrarleyfi.

Samkvæmt rekstrarleyfi, dags. 27. júlí 2011, hefur leikskólinn heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 60 börn, á aldrinum 9 mánaða til 36 mánaða, í húsnæði leikskólans við Eggertsgötu 12-14 í Reykjavík.

Samkvæmt skráningu í Völu þann 20. nóvember 2023 eru 36 reykvískt barn skráð í vistun í leikskólanum Sólgarði og 10 börn utan Reykjavíkur skráð í leikskólann.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að vera með allt að 115 börn á aldrinum 9 til 36 mánaða. Lagt er til að nýtt rekstrarleyfi taki gildi 1. desember 2023 og á sama tíma falli úr gildi rekstrarleyfi vegna leikskólans, dags. 27. júlí 2011. Jafnframt falli úr gildi rekstrarleyfi vegna Leikgarðs.

Tekið er fram að samþykkt rekstrarleyfis felur ekki í sér vilyrði fyrir greiðslu framlags vistunar reykvískra barna í leikskólanum og gera þarf sérstakan samning um framlag.

Vottorð Vinnueftirlits dags. 5. janúar 2024, vottorð um lokúttekt Byggingafulltrúa dags. 8. desember 2023 og samþykkt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tímabundið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til 12 ára, dags. 4. janúar 2024 liggja fyrir. Jafnframt staðfesting slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um að ekki sé gerð athugasemd við fjölgun, dags. 4. janúar 2024.

Reykjavík 20. desember 2023

Til þess er málið varðar;

Hér með óskar Félagsstofnun stúdenta 540169-6249, eftir að rekstrarleyfi Leikgarðs sem ekki hefur verið nýtt síðan í september 2022, verði lagt niður og gerðar verði breytingar á rekstrarleyfi ungbarnaleikskólans Sólgarðs vegna viðbyggingar við skólann.

Óskað er eftir breytingum á samningi í þá veru, að sá fjöldi leyfa sem var á Leikgarði, 64 börn á aldrinum 9 – 36 mánaða, nái yfir rekstrarleyfi Sólgarðs í auknu framlagi til skólans.

Ekki er um aðrar breytingar að ræða þ.e. í lengd dvalartíma eða aldursdreifingu barna, né faglegum áherslum skólans.

Önnur skjöl sem farið er fram á í reglum um leyfi til reksturs leikskóla liggja inni hjá Skóla- og frístundasviði.

Meðfylgjandi er staðfesting eldvarnareftirlitsins en staðfesting Heilbrigðis- og Vinnueftirlits eru í vinnslu.

Allar nánari upplýsingar gefur Sigríður Stephensen, leikskólastjóri Sólgarðs

Með vinsemd og virðingu

Sigríður Stephensen

Leikskólastjóri Sólgarðs

Reykjavík 21. desember 2023

Til þess er málið varðar;

Á haustmánuðum 2022 var hafist handa við að byggja nýja álmu við leikskólann Sólgarð (áður Leikgarð).

Allt byggingarferlið gekk eins og í sögu og skiluðu verktakar af sér byggingunni í byrjun desember 2023

Nýja álman er teiknuð af Sigurði Hallgrímssyni, Arkþing og er hún einstaklega vel heppnuð.

Ístak sá um framkvæmd ásamt ótal öðrum undirverktökum.

Lýsing er hönnuð af Helga Eiríkssyni.

Framkvæmdin truflaði að sjálfsögðu aðkomu foreldra og barna að eldri álmu Sólgarðs en leitast var við að rask væri sem minnst á meðan framkvæmdum stóð.

Nýting dagsbirtu inn um þakglugga ásamt öðrum gluggum gerir það að verkum að skólinn er einstaklega bjartur jafnvel þó vesturhlíð álmunnar sé byggð inn í barð með mjóum gluggum á gangi.

Fyllsta öryggis hefur verið gætt í allri hönnun og öllum reglugerðum varðandi öryggi, aðgengi fatlaðra og rými á leikskólum fylgt í hvívetna.

Gerð hefur verið öryggisúttekt á leikskólanum og þótti fullnægjandi.

Deildarnar eru fjórar og vísa þrjár þeirra (17- 19 börn) út í garðinn en sú minnsta (14 börn) vísar út að Eggertsgötu.

Deildarnar eru, eins og áður segir bjartar og opnar og til þess gerðar að börn frá aldrinum 12 mánaða geti notið sín við leik og störf.

Námsefni er allt þar sem börnin ná til í anda þeirrar stefnu sem Leikskólar stúdenta vinna eftir.

Umhverfið er hlýlegt, hiti í gólfum og nóg pláss fyrir bæði starfsfólk og börn.

Útileiksvæði var einnig allt tekið í gegn og er það sérlega vel heppnað fyrir þann aldur sem dvelur á leikskólanum. Það á eftir að leggja lokahönd á lóðina og verður það gert með hækkandi sól. Um ræðir “drullueldhús” og óskipulagt svæði nær holtinu.

Í heildina má segja að þetta sé vel heppnuð framkvæmd þar sem áhugi, nám, sköpun og þarfir barna eru hafðar að leiðarljósi.

Foreldraráðs Sólgarðs

Torfi Fannar Gunnarsson

Ása Kristín Einarsdóttir

Anna Lilja Valdemarsdóttir

Reykjavík, 19. maí 2010
LEIK2010050231

Leikskólinn Leikgarður
b.t. rekstraraðila
Eggertsgötu 12-14
101 Reykjavík

Staðfesting á leyfilegum hámarksfjölda barna skv. rekstrarleyfi

Ákvörðun hefur verið tekin á Leikskólasviði um að staðfesta rekstrarleyfi leikskólans Leikgarðs og honum verði heimilt að hafa að hámarki 63 börn samtímis í leikskólanum.

Sá fjöldi barna sem greitt er framlag með fer eftir gildandi samningi milli rekstraraðila og Leikskólasviðs hverju sinni.

Virðingarfyllt

Ragnhildur E. Bjarnadóttir
sviðsstjóri Leikskólasviðs

Reglur

Reykjavíkurborgar um leyfi til reksturs leikskóla.

1. gr.

Leikskólaráð Reykjavíkurborgar getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og / eða reka leikskóla í Reykjavík. Um slíka leikskóla gilda ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 eftir því sem við á.

Umsókn skal fylgja staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins.

2. gr.

Heimilt er að binda leyfi við hámarks fjölda barna. Ákvörðun um fjölda barna skal m.a. byggð á eftirfarandi þáttum:

- Húsnæði og lóð sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskóla skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fram fer í leikskóla. Lögð er áhersla á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks.
- Aldursdreifingu barna og sérþörfum þeirra.
- Lengd dvalartíma.
- Fjölda starfsmanna og samsetningu starfsmannahópsins.

Umsókn þurfa að fylgja upplýsingar um húsnæði sem fyrirhugað er að nota fyrir leikskólann ásamt málsettum teikningum af húsi og lóð, vottorði Vinnueftirlits ríkisins og heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar. Einnig þurfa að fylgja umsókn upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans sérstaklega með hliðsjón af því hvernig aldersdreifingu barna verður háttáð og hversu mörg börn með sérþarfir leikskólinn getur tekið á móti, hvað boðið verður upp á langan dvalartíma og hvernig samsetning starfsmannahópsins verður.

3. gr.

Við leikskóla skal starfa leikskólastjóri sem hefur starfsheitið leikskólakennari og hefur annað hvort viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi.

Við ráðningu annarra starfsmanna leikskólans skal gætt ákvæða laga nr. 87/2008 um að í 2/3 hluta stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna séu ráðnir leikskólakennarar.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls

4. gr.

Umsækjandi skal gera grein fyrir því í umsókn sinni hvernig hann hyggst skipuleggja og framkvæma þjónustu við börn með sérþarfir.

5. gr.

Þegar sótt er um leyfi til reksturs leikskóla skal liggja fyrir skólanámskrá væntanlegs leikskóla, sem felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans, markmiðssetningu í starfi og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Áður en leikskólinn tekur til starfa ber að skila til leikskólaráðs starfsáætlun, þar sem gerð er grein fyrir árlegri starfsemi leikskólans, svo sem skóladagatali og öðru sem varðar starfsemi leikskólans. Starfsáætlun á að skila árlega samkvæmt nánari ákvörðun leikskólaráðs.

Leikskólinn skal leggja fram áætlun um hvernig brugðist skuli við þegar slys og óhöpp verða.

6. gr.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta opinberlega ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknum leikskólum. Ber leikskólunum að láta Leikskólasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Samþykkt í leikskólaráði

26. nóvember 2008